

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 810/2006 um ákvarðanir framkvæmdastjórnar  
Evrópusambandsins um samhæfða evrópska staðla sem teknar hafa  
verið á grundvelli tilskipunar um öryggi vöru nr. 2001/95/EB.**

1. gr.

Við 1. gr. bætist 3. tölul. sbr. eftirfarandi:

3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/502/EB frá 11. maí 2006 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2007*. Ákvörðunin felur tvennt í sér:

- a) Bann við markaðssetningu einnota kveikjara, sem ekki eru útbúnir barnalæsingu og uppfylla ekki staðalinn EN 13869:2002, Kveikjarar – Barnalæsingar fyrir kveikjara – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir.
- b) Bann við markaðssetningu nýstárlegra kveikjara (e. novelty lighters), sem uppfylla ekki staðalinn EN 13869:2002, Kveikjarar – Barnalæsingar fyrir kveikjara – Öryggiskröfur og prófunaraðferðir. Sem dæmi um nýstárlega kveikjara má nefna kveikjara er hafa útlit leikfangabíla eða gsm-síma og bjóða þeirri hættu heim að börn sæki í þá, grunlaus um þá hættu er af þeim stafar.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 15. janúar 2008.*

**Björgvin G. Sigurðsson.**

*Áslaug Árnadóttir.*